



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi
Erindi nr. P 128/412
komudagur 3.12.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Reykjavík 29. nóvember 2002

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum, 157. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um br. á lögum um skráningu skipa, þurrleigu.

Alþýðusamband Íslands lýsir sig andvígt efni frumvarpsins. Til grundvallar afstöðu ASÍ vísast til meðfylgjandi umsagnar Sjómannasambands Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands


Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdarstjóri ASÍ

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. nóvember 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráningu skipa nr. 115/1985, með síðari breytingum, 157. mál.

Frumvarpið var lagt fram á síðasta löggjafabingi og er nú endurflutt með smávægilegum breytingum. Þrátt fyrir þessar breytingar á frumvarpinu frá því það var síðast flutt er afstaða Sjómannasambands Íslands óbreytt gagnvart tvískráningu eða þurrleiguskráningu fiskiskipa. Afstaða sambandsins kemur vel fram á bls. 11 í frumvarpinu auk þess sem ályktað var um þetta efni á 23. þingi sambandsins, sem lauk þann 15. nóvember síðastliðinn. Í ályktun þingsins segir:

„23. þing Sjómannasambands Íslands hafnar því alfarið að tvískráning fiskiskipa verði heimiluð hér á landi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi sem lagt hefur verið fyrir Alþingi. Með því að heimila útgerðarmönnum að skrá fiskiskip í skipaskrá annars ríkis undir þjóðfána þess, án þess að skipið sé tekið af íslenskri skipaskrá, er verið að bjóða útgerðarmönnum upp á leið til að ráða til sín ódýrt erlent vinnuafl í samkeppni við íslenska sjómenn. Reynsla undanfarinna ára hefur kennt forystumönnum sjómanna að stjórnvöld fást ekki til að taka á brotum útgerðarmanna sem reka skip undir íslenskum fána. Því síður geta samtök sjómanna vænst þess að stjórnvöld taki á málum þegar fiskiskip undir erlendum fána hlítir ekki þeim skilyrðum sem sett eru þó skipið sé skráð í íslenskri skipaskrá.“

Samkvæmt framansögðu hafnar Sjómannasamband Íslands alfarið frumvarpinu.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Hólmgeir Jónsson